

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á afmörkun deiliskipulags Síðuhverfis, Akureyri.

Með samþykkt bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar á endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir lóðir nr. 7-11 og 14-18 við Brekkusíðu, þann 19. maí 2009 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, er felldur úr gildi hluti deiliskipulags Síðuhverfis frá 1981 og ný deiliskipulagsmörk ákvörðuð. Sá hluti deiliskipulagsins sem fellur úr gildi afmarkast af lóðamörkum Brekkusíðu 7-11 og 14-18 en nýtt deiliskipulag tekur gildi fyrir það svæði samhliða breytingu þessari.

Deiliskipulag Brekkusíðu 7-11 og 14-18, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 19. maí 2009 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt endurskoðað deiliskipulag fyrir hluta deiliskipulags Síðuhverfis.

Deiliskipulagið nær til lóðanna 7-11 og 14-18 við Brekkusíðu. Hámarks byggingarmagn hverrar lóðar er 180 m² og nýtingarhlutfall 0,45. Almenn bílastæði fyrir framan hús nr. 16 eru færð um 1 m til suðurs.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 16. júní 2009,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.